



Gleðilegt ár og takk fyrir viðskiptin 2013

EM í handbolta að byrja og við verðum með opið föstudag 10. jan. og laugardag 11. jan. **17:00 – 20:00**
sunnudag 12. jan. **14:00 – 20:00**
þriðjudag 14. jan. og fimmtudag 16. jan. **16:30-20:00.**

EM tilboð 16“+ 2 álegg + 2L gos = **2.590.-**
gildir alla daga sem Ísland á leik.

**Taktu þátt í EM-leiknum á facebókarsíðu
Daddi's og fáðu afslátt eða gjafabréf.**

Sími: 773-6060

Möguleiki á opnun utan afgreiðslutíma ef pantað er með fyrirvara.

Geymið auglýsinguna

Dósasöfnun.

Dósasöfnun verður hjá nemendum Reykjahlíðarskóla í næstu viku.
Öll innkoma rennur í ferðasjóð nemenda.

Nánar auglýst í næstu Mýflugu.

Nemendafélag Reykjahlíðarskóla.



Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir
Sími: 464 4343, 866 0311
Netfang: myflugan@emax.is

1. tbl. 6. árg. miðvikudaginn 8. jan. 2014

Afmælisbörn dagana 9. jan. — 15. jan. 2014

- 8. Brynjar Már Halldórsson.
- 11. Kristín Halldórsdóttir.
- 15. Kristinn Björn Haraldsson.

Mýflugan

Ég óska ykkur öllum gleðilegs árs
með kærri þökk fyrir liðið ár.

Kveðja, Hrafnhildur.

Geðorð vikunnar.

Hlúðu að því sem þér þykir vænt um.

Öll höfum við þörf fyrir ást og umhyggju annarra. Það er okkur eðlilegt að sinna okkar nánustu, börnunum okkar, systkinum og vinarhópnum. Lífið væri ósköp snautt ef við værum ekki í samspili og tengslum við aðra. Saman erum við sterkari, það er skemmtilegra að vera til þegar við gefum af sjálfum okkur og njótum lífsins með öðrum. Við erum einfaldlega heilli þegar við erum í góðum tengslum við aðra.

Samráðshópur um áfallahjálp í Þingeyjarsýslu.

Frá Íþróttamiðstöð



Tímar í íþróttasal 2014:

	Mánud	Þriðjud	Miðvikud	Fimmtud	Föstud	Laugard
10.00-12.00						Bætt heilsa
12.00-13.00					<i>Frjálst</i>	Fótbolti
13.00-14.00					<i>Frjálst</i>	Fótbolti
14.00-15.00					<i>Frjálst</i>	<i>Frjálst</i>
15.00-16.00	Krakkablað	Krakkafótb		Krakkafótb	<i>Frjálst</i>	<i>Frjálst</i>
16.30-17.00	Bætt heilsa	Blak	<i>Frjálst</i>	Blak		
17.00-18.00	Bætt heilsa	Blak	<i>Frjálst</i>	Blak		
18.00-19.00	Badminton	<i>Frjálst</i>	Badminton	<i>Frjálst</i>		
19.00-20.00	Borðtennis	Fótbolti	Borðtennis	Fótbolti		

Öllum er heimilt að mæta í skipulagða og/eða frjálsa tíma í íþróttasal.
Barnapössun verður auglýst síðar.

Verðaskrá:

Stakur tími: 500 kr
10 miða kort: 4.000 kr
30 miða kort: 10.000 kr

Kveðja, Starfsfólk ÍMS

liðir fundargerðarinnar þarfnast ekki ályktunar við.

6. **Erindi frá Landgræðslunni v/samstarfsverkefnisins „Bændur græða landið“.**
Með bréfi dags. 28. nóvember s.l. óskar Landgræðslan eftir styrk frá sveitarfélaginu vegna samstarfsverkefnisins „Bændur græða landið“ og til annarra verkefna að upphæð kr. 330.000,
Í Skútustaðahreppi eru nú skráðir 15 þátttakendur í BGL verkefninu og telur Landgræðslan þetta samstarfsverkefni eitt af sínum mikilvægari verkefnum. Sveitarstjórn samþykkir erindið.

7. **Sorpmál.**

Fyrir fundinum liggja drög frá Sorpsamlagi Þingeyinga um mat á leiðum og kostnaði við sorphirðu. S.Þ. fól Eflu verkfræðistofu að leggja mat á leiðir við flokkun, söfnun, meðhöndlun og flutning úrgangs frá heimilum innan samlagssvæðisins og kostnaði við þær. Þá voru og kynntar þær leiðir sem Vopnafjarðarhreppur og Grýtubakkahreppur hafa farið í þessum málafllokki. Ýmislegt rætt og áfram verður unnið að lausn málsins.

8. **Trúnaðarmál.**

Fært í trúnaðarmálabók.

9. **Brú yfir Jökulsá.**

Fyrir fundinum liggur bréf frá Skipulagsstofnun dags. 26. nóv. þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins á því hvort og á hvaða forsendum brú yfir Jökulsá á Fjöllum skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000 m.s.b.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps fagnar fyrirhugðum framkvæmdum Vegagerðarinnar við nýja brú yfir Jökulsá á Fjöllum. Sveitarstjórn telur að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

10. **Styrkur til Björgunarsv. Stefáns.**

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkir að færa Björgunarsveitinni Stefáni kr. 250.000,- að gjöf. Með gjöfinni vill sveitarfélagið þakka Björgunarsveitinni fyrir hennar mikilvægu og óeigingjörnu störf í þágu samfélagsins.

Karl Emil tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Fleira ekki gert.
Fundu slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Karl Emil Sveinsson,
Eyrún Björnsdóttir,
Friðrik K. Jakobsson.

3. Hverfjall, deiliskipulag. Tillaga að deiliskipulagi.

Tekið fyrir að nýju erindi dags. 23. maí frá Ómari Ívarssyni hjá Landslagi ehf, f.h. Umhverfisstofnunar þar sem lögð er fram deiliskipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar vinnu við deiliskipulag Hverfjalls/Hverfells og umhverfis. Erindið var áður á dagskrá nefndarinnar 27. maí s.l.

Innkomin ný gögn 27. nóvember 2013, tveir deiliskipulagsupprættir í mkv. 1:1000 og 1:4000 og greinargerð frá Ómari Ívarssyni hjá Landslagi ehf, f.h. Umhverfisstofnunar.

Nefndin gerir nokkrar athugasemdir við framkomna tillögu en felur skipulags- og byggingarfulltrúa að kynna tillöguna og forsendur hennar fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um áður en hún verður tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn.

4. Grímsstaðir 4. Stofnun lóðar.

Erindi dags 4. október 2013 frá Brynjólfi Steingrímssyni, f.h. Þorgerðar Egilsdóttur, Grímsstöðum 4, 660 Mývatn, þar sem sótt er um heimild til að stofna 4.226 m² íbúðarhúsaloðar í landi Grímsstaða 4 skv. meðfylgjandi lóðarblaði/loftmynd, dags. 3. október 2013, frá Búgarði

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsækjanda verði heimilað að stofna umrædda lóð og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að stofna lóðina í fasteignagrunni Þjóðskrár.

5. Bjarg. Stofnun lóðar.

Erindi dags 18. nóvember 2013 frá Finni Sigfúsi, Sólveigu og Jóni Illugabörnum þar sem þau sækja um að stofnuð verði sérstök lóð, Hörgur, 3.82 ha, út úr landi Bjargs. skv. meðfylgjandi lóðarblaði/loftmynd, dags. 19. janúar 2011, frá Búgarði.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsækjanda verði heimilað að stofna umrædda lóð og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að stofna lóðina í fasteignagrunni Þjóðskrár.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar á öllum liðum fundargerðarinnar.

5. Fundargerð atvinnuálanefndar dags. 5. des.

Í öðrum lið fundargerðarinnar eru tekin fyrir uppgjör fjallskila. Töluverðar umræður urðu um fjallskil þetta haustið þar sem veður setti strik í reikninginn og göngur urðu með öðrum hætti en til var ætlast. Reikningar til niðurföfnunar gangna eru kr. 14.640,- Einungis gangnaforingi Norðurfjalla skilaði gangnaskýrslu og telur nefndin það slæmt að gangnaforingjar skili ekki skýrslunum. Fjallskilasjóðsgjald, gangnaskýrsla og girðingargjald pr. kind er kr. 888,-

Í þriðja lið fundargerðarinnar kemur fram að nefndin óski eftir því við sveitarstjórn að fá að eiga viðræður við Vegagerðina um veggirðingar í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Atvinnuálanefndar á liðum tvö og þrjú. Aðrir

Bætt heilsa – betra líf.

Heilsuræktar og lífsstílsnámskeið mun hefjast 25. janúar. Markmið námskeiðsins er m.a. aukin líkamleg færni, betri sjálfsmynd, betri líðan og aukin orka. Þátttakendur í námskeiðinu fá einnig fræðslu um holla næringu, líkamsbeitingu og fleira. Eftir námskeiðið á fólk að kunna skil á fjölbreyttum æfingum sem það getur stundað hvar sem er. Námskeiðið er fyrir fólk á öllum aldri.

Námskeiðið er blanda af fyrirlestrum og æfingum í þreksal og í íþróttasal þrisvar í viku. Æfingar miða að því að þjálfa liðleika og styrk jöfnum höndum, m.a til varnar helstu hreyfikerfisvandamálum, s.s. verk í mjóbaki, öxlum og hnjám.

Námskeiðið er unnið í samvinnu við Stefán Ólafsson sjúkraþjálfara á Akureyri og mun hann opna námskeiðið með fyrirlestri laugardaginn 25. janúar. Takið daginn frá.

Skráning í Íþróttamiðstöð
Leiðbeinendur á námskeiði verða:
Soffía Kristín, Harpa Barkar, Ásta Price og Bjarni Jónasson.



Styrkir til lista og menningarstarfs.

Athygli er vakin á því að breytt form er á styrkveitingum til lista og menningarstarfs frá því sem verið hefur. Hér eftir verður auglýst tvisvar á ári eftir umsóknum þ.e. í janúar og ágúst og úthlutanir fara fram í næsta mánuði á eftir.

Félags og menningarmálanefnd Skútustaðahrepps auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki vegna lista og menningarstarfs. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki. Nefndin metur umsóknir með Menningarstefnu Skútustaðahrepps að leiðarljósi og leggur fyrir sveitarstjórn tillögur til úthlutunar.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn og þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnisins og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skila á skrifstofu Skútustaðahrepps fyrir 17. janúar n.k.

Félags- og menningarmálanefnd Skútustaðahrepps.



Innilegar þakkir til þeirra sem styrktu okkur vegna flugeldasýningarinnar um áramótin.



Það voru eftirtaldir aðilar:

Dimmuborgir Guesthouse, Eldá, Ferðapjónustan Bjarg,
Félagsbúið Ytri-Neslöndum, Hike and Bike, Hótel Gígur,
Hótel Reykjahlíð, Hótel Reynihlíð, Jarðböðin,
Jón Ingi Hinriksson ehf, Mýflug, Mývatnsmarkaður,
Raftvistur, Reykkofinn, S. Ósk, Sel-Hótel Mývatn,
Skútustaðahreppur, Sparisjóður S-Þing, Samkaup Strax,
Vogafjós og Vogar ferðapjónusta.

Með kærnum þökkum fyrir viðskiptin nú um áramótin.

Björgunarsveitin Stefán.

Mýflugan

**Kæru lesendur
og viðskiptavinir.**

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.
Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

ATH.

Þar sem verð á auglýsingum hefur verið óbreytt í 4 ár þá tel ég tímabært að hækka verðskrána.

Frá og með næsta blaði.

Verðskrá:

- 1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.
- 1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.
- 1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.

00	SKATTTEKJUR		17.200.000
04	FRÆÐSLU- OG UPPELDISMÁL	5.160.000	4.500.000
06	ÆSKULÝÐS-OG ÍÞRÓTTAMÁL	2.400.000	1.600.000
07	BRUNAMÁL OG ALMANNAVARNIR	1.000.000	
09	SKIPULAGS OG BYGGINGAMÁL	5.200.000	
11	UMHVERFISMÁL	2.020.000	
13	ATVINNUMÁL	600.000	
		16.380.000	23.300.000
31	EIGNASJÓÐUR	3.650.000	6.400.000
33	ÞJÓNUSTUSTÖÐ	500.000	
41	VEITUR	700.000	2.600.000
57	LEIGUÍBÚÐIR		2.300.000
		4.850.000	4.900.000

Sveitarstjórn samþykkir m.f. viðauka við fjárhagsáætlun 2013. Aukningu gjalda samstæðunnar kr. 21,2 millj. er mætt með aukunum tekjum kr. 28,2 millj. Þá samþykkir sveitarstjórn að fjárfestingaráætlun vegna hitaveitu verði lækkuð um 8 millj. til að mæta kostnaði við ljósleiðaraframkvæmdir. Kostnaður vegna lagningar ljósleiðara eru áætlaðar um 14. millj. Eftirstöðvar af þeim kostnaði kr. 6. millj. er mætt með handbæru fé.

Ekki reyndist þörf á 30 millj. lántöku eins og áætlanir gerðu ráð fyrir.

4. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar dags. 2.des.

1. Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023. Breyting á aðalskipulagi í Reykjahlíð.

Lögð fram lýsing vegna breytinga á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf dags. 27. nóvember 2013. Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki lýsinguna og feli jafnframt skipulags- og byggingarfulltrúa að leita umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi eins og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveða á um.

2. Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023. Breyting á deiliskipulagi á Geiteyjarströnd.

Tekið fyrir að nýju tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 vegna fyrirhugaðs deiliskipulags á Geiteyjarströnd. Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki að gerð verði óveruleg breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 er varðar stækkun á landnotkunarreit **325-O/V** skv. framlögðum gögnum. Þá leggur nefndin til við sveitarstjórn að hún feli skipulags- og byggingarfulltrúa að annast málsmeðferð vegna aðalskipulagsbreytingarinnar eins og 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

63. fundur

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 12. des. 2013, kl 14:30.

DAGSKRÁ:

- 1 Fundarsetning.
- 2 Þriggja ára fjárhagsáætlun 2015-2017, síðari umræða.
- 3 Viðauki við fjárhagsáætlun 2013.
- 4 Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar dags. 2.des.
- 5 Fundargerð atvinnumálanefndar dags. 5. des.
- 6 Erindi frá Landgræðslunni v/samstarfsverkefnisins „Bændur græða landið“.
- 7 Sorpmál.
- 8 Trúnaðarmál.
- 9 Styrkur til Björgunarsv. Stefáns.

Til kynningar:

Pakkarbréf vegna stuðnings við málþing um Jakobínu Sigurðardóttur.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson.

1. **Fundarsetning.**
Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli nr. 9 yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.
2. **Þriggja ára fjárhagsáætlun 2015-2017, síðari umræða.**
Þriggja ára fjárhagsáætlunin rædd. Gert er ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu öll árin.
Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlunina samhljóða.
3. **Viðauki við fjárhagsáætlun 2013.**

MÝVATN



Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

64. fundur

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 9. janúar. 2014, kl 14:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Bréf Ólafs Rúnars Ólafssonar lögmanns f.h. erfingja Margrétar Lárusdóttur.
3. Bréf Péturs Þórs Jónassonar f.h. Greiðrar leiðar ehf. dags. 13. des.
4. Breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023, við Hveri.

Til kynningar:

Fundargerðir Héraðsnefndar Þingeyinga dags. 22. apríl og 3. des.
Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfél. dags. 13. des.
Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga dags. 19. des.

ÞORRABLÓT 2014.

Þorrablót Kvenfélags Mývatnssveitar verður haldið
í Skjólbrekku laugardaginn 25. janúar n.k.

Eins og undanfarin ár biðjum við ykkur að stilla fjölda gesta í hóf.

Nánar auglýst í næstu Mýflugu.

Nefndin.

